



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MATTILA SYNGUR WAGNER



15. MARS 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Passacaglia: 12'

Wesendonck-söngvar: 22'

Sinfónía: 50'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

FIM 15 MAR 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

MATTILA SYNGUR WAGNER

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Karita Mattila
einsöngvari

EFNISSKRÁ

Anton Webern
Passacaglia op. 1 (1908)

Richard Wagner
Wesendonck-Lieder (1857–58)
Der Engel
Stehe still!
Im Treibhaus
Schmerzen
Träume

Hlé

Hector Berlioz
Symphonie fantastique (Draumórasinfónían, 1830)
Draumar – ástríður (Rêveries – Passions)
Dansleikur (Un bal)
Í sveitinni (Scène aux champs)
Upp á aftökupallinn (Marche au supplice)
Nornadraumur – Dies irae – Nornadans

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu; faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfraði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Tortelier tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2016.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbygðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Milánó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Árið 2017 var hann sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskra tónlistar á heimsvísu.

UM STJÓRNANDANN

Yan Pascal Tortelier stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 í verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Hann sneri aftur í Eldborg haustið 2012 þar sem hann stjórnaði Sinfóníu í d-moll eftir César Franck og Martin Fröst lék einleik í Peacock Tales eftir Anders Hillborg. Í apríl á síðasta ári fylgdi Tortelier Sinfóníuhljómsveitinni í tónleikaferð til Gautaborgar, þar stjórnaði hann hljómsveitinni í hínu viðfræga tónlistarhúsi borgarinnar og hlaut tónlistarfólkið einróma lof tónleikagesta og gagnrýnenda fyrir flutning sinn. Á þeim tveimur starfsárum sem Tortelier hefur verið aðalstjórnandi SÍ hefur frönsk tónlist fengið aukið vægi á efnisskrám hennar.



KARITA MATTILA

EINSÖNGVARI

Finnnska söngkonan Karita Mattila er ein dádasta sópran-söngkona heims og tvímælalaust ein sú fremsta á Norður-löndum. Hún hefur sungið við öll helstu óperuhús heims, m.a. undir stjórn Colin Davis, Bernard Haitink, Antonio Pappano og Simon Rattle. Hún hefur sungið Elektru á Salzburgerhá-tíðinni, Salome við Parísaróperuna og Metropolitan-óperuna í New York, í *Don Carlos* á Edinborgarhátiðinni og í *Don Giovanni* í Chicago. Nýverið söng hún í *Jenufa* í Metropolitan-óperunni og við Bæversku Þjóðaróperuna. Hún hélt einnig einsöngstónleika í Wigmore Hall og við Vínaróperuna við góðar undirtektir og söng Sibelius ásamt Fílharmóníuhljóm-sveit Franska útvarpsins. Sumarið 2018 syngur hún hlutverk Sieglinde í *Niflungabring* Wagners við San Francisco-óperuna.

Karita Mattila lauk námi frá Sibeliusar-akademíunni árið 1983 og hélt áfram námi hjá Veru Rosza í Lundúnum. Hún hreppti fyrstu verðlaun í fyrstu Cardiff-söngkeppninni árið 1983 og debúteraði í Covent Garden tveimur árum seinna, sem Fiordiligi í óperu Mozarts, *Così fan tutte*. Mattila hefur hlotið tvenn Grammy-verðlaun, fyrir hljóðritun sína á *Meistarasöngvurunum í Nürnberg* árið 1998 og *Jenufa* árið 2004. Hún var tilnefnd til Laurence Olivier-verðlaunanna árið 2001 fyrir framúrskarandi afrek á óperusviðinu. Tímaritið *Musical America* útnefndi hana tónlistarflytjanda ársins 2005 og sagði um hana að hún væri „rafmagnaðasta söng- og leikkona vorra daga, flytjandi sem blæs nýju lífi í gamalt listform og fær áheyrendur til að hrópa af æsingi“. *BBC Music Magazine* útnefndi Mattila eina af 20 bestu sópransöngkonum 20. aldar árið 2007. Þetta er í fyrsta sinn sem Karita Mattila syngur á Íslandi.



ANTON WEBERN

PASSACAGLIA

Anton Webern (1883–1945) var annar tveggja nemenda Arnolds Schönbergs sem náðu lengst í listinni, sögðu skilið við tóntegundakerfið og reyndu nýjar leiðir; hinn nemandinn var Alban Berg. Saman myndaði þríeykið það sem stundum er kallað „Vínarskólinn síðari“. Er þá vísað til eldra Vínarþríeykis – Haydns, Mozarts og Beethovens – þótt þar hafi tengsl tónskáldanna hvers við annað verið með allt öðru móti. Anton Webern var Vínarbúi í húð og hár og var kominn langt á braut fræðimannsins þegar fundum þeirra Schönbergs bar saman. Árið 1906 lauk hann doktorsritgerð um endurreisnartónskáldið Heinrich Isaac og hreifst af því hvernig höfundar þess tíma höfðu stjórn á hreyfingu raddanna og flóknum kontrapunkti. Samþjöppun efnis í knöppum stíl er það sem helst einkennir tónlist Webers og í innhverfum örþáttum hans er engu ofaukið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveitin hefur

aðeins einu sinni leikið

Passacagliu Webers, í

Háskólabíói árið 1988 og stýrði

Petri Sakari þeim flutningi.

En tónlist hins unga Webers var af allt öðrum toga en þau verk sem hann varð síðar kunnur fyrir. Passacaglia op. 1 varð til árið 1908 og var síðasta verkið sem hann samdi undir formlegri leiðsögn Schönbergs. Hér má greina rómantískari blæ en í seinni verkum hans, en mikið ber einnig á áhrifum frá tímamótaverki Schönbergs, *Kammersinfóníu* op. 9 (1906). Segja má að d-moll sé ráðandi tóntegund í verki Webers þótt tilfinningin fyrir tónmiðju sé teygð og toguð, enda verkið samið um það leyti sem þyngdarafli tóntegundanna fór ört þverrandi. Passacaglia er formgerð sem margir tengja við barokktímamann; tilbrigði yfir stef í bassarödd. Stefið sem Webern byggir sín 23 tilbrigði á hljómar fyrst sem pizzicato og tilbrigðin sjálf fara líka veikt af stað. Verkinu má skipta í nokkra stærri boga þar sem fáein tilbrigði af svipuðum toga mynda stærri einingar, til dæmis hægur millikafli í tilbrigðum 12–15. Svipað gerði Johannes Brahms í lokarætti sínfóníu nr. 4, sem einmitt er líka passacaglia og Webern þekkti afar vel; það verk var jú ekki nema ríflega 20 ára gamalt þegar Webern samdi sína tónsmíð.

Verkið ber vott um afburða tónsmíðagáfu; það er eins konar brú milli 25 ára nemandans Webers og atvinnutónskáldsins sem átti eftir að feta ólíka braut. Það segir sína sögu að þótt Webern hafi átt fjölda tónsmíða í handraðanum þegar hann lauk við passacagliuna – meðal annars hið sjaldheyrða en áhugaverða tónaljóð *Im Sommerwind* frá 1904 – hafi hann ákveðið að þetta verk yrði hans fyrsti útgegni ópus og þar með það fyrsta sem heimurinn fengi að sjá af tónsmíðum hans á nútum.



RICHARD WAGNER

WESENDONCK-LIEDER

Richard Wagner (1813–1883) var ókrýndur konungur Þýskrar tónlistar á seinni hluta 19. aldar. Hann skapaði úr gömlum sögnum metnaðarfull listaverk auk þess sem hann kannaði þanþol tóntegundanna og setti þannig mark sitt á þróun tónlistar um áratuga skeið. Áhrifa hans gætti um álfuna alla og ekki aðeins í músíkheiminum heldur í bókmenntum, leiklist, myndlist og jafnvel stjórnmálum. Um leið var hann umdeildur fyrir list sína sem og skoðanir á mönnum og málefnum. Verk hans voru bæði dáð og hötuð af meiri ákafa en flest önnur – og svo er raunar enn þann dag í dag.

Tilurð *Wesendonck-söngva* má rekja til dramatískra atburða í einkalífi Wagners. Árið 1851 fluttist silkikaupmaðurinn Otto Wesendonck til Zürich, þar sem hann settist í helgan stein ásamt Mathilde eiginkonu sinni. Nokkrum mánuðum síðar kynntust þau hjónin Wagner og Minnu eiginkonu hans, en Wagner hafði látið að sér kveða í byltingaröldunni sem gekk yfir Evrópu á árunum 1848–49 og var um þetta leyti pólitískur flóttamaður í Sviss. Djúp vinátta tókst með Wesendonck- og Wagner-hjónunum og ekki leið á löngu þar til Otto tók að greiða niður skuldir tónskáldsins. Árið 1857 dró til tíðinda þegar Wesendonck-hjónin buðu Wagner að flytjast inn í gestahús við villu sína og þá varð ekki aftur snúið. Wagner og Mathilde áttu í eldheitu ástarsambandi sem varð Wagner innblástur að óperu um forboðnar ástir Tristans og Ísoldar. Síðla árs 1857 og fram á næsta vor samdi Wagner líka fimm sönglög við kvæði eftir Mathilde. Wagner hafði samið allmörg sönglög á yngri árum sínum, m.a. lagaflokk við kvæði úr *Fäst* eftir Goethe, en Wesendonck-söngvarnir eru þeir einu sem hann samdi sem fullþroska listamaður.

Ástarævintýrið entist ekki lengi. Þegar eiginkona Wagners komst að hinu sanna ári síðar flýði tónskáldið til Feneýja og hafði lítið af þeim Wesendonck-hjónum að segja eftir það. Söngvarnir við kvæði Mathilde bera mjög keim af óperunni sem var að fæðast í huga hans um sama leyti. Wagner gaf sjálfur tveimur laganna undirtítilinn „Skissur fyrir Tristan“ enda eru áhrifin auðheyrð. Hann fékk not fyrir sönginn *Träume* í ástar-dúettinum í 2. þætti *Tristans og Ísoldar*, og í laginu *Im Treibhaus* eru hendingar sem Wagner endurvann við upphaf 3. þáttar. Söngvarnir eru ástríðufullir, tónmálið smástígt og tilfinningaþrungið. Wagner samdi lögin fyrir söngródd og píanó en þau eru einnig oft flutt í hljómsveitarútsetningu eftir Felix Mottl sem hljómar hér í kvöld.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Wesendonck-söngvarnir hljóma nú í fimmta sinn í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Bandaríska sópran-söngkonan Grace Bumbry söng þá á lokatónleikum Listahátíðar í Reykjavík árið 1992, Magnea Tómasdóttir var í hlutverki einsöngvara árið 2003 og Lilli Paasikivi söng verkið árið 2007. Hanna Dóra Sturludóttir söng undir stjórn Ilans Volkov í Hörpu árið 2013. Söngvarnir hafa einnig hljómað oft á tónleikum í upprunalegri gerð fyrir söngródd og píanó, meðal annars söng Sigríður Ella Magnúsdóttir þá í Gerðubergi árið 1991 ásamt Jónasi Ingimundarsyni, og Anna Jónsdóttir og Richard Simm fluttu þá á Kjarvalsstöðum 2013.



HECTOR BERLIOZ

SYMPHONIE FANTASTIQUE

Hector Berlioz (1803–1869) var fremstur meðal franska tónskálda af rómantísku kynslóðinni svonefndu, þ.e. þeirri kynslóð sem lét að sér kveða í tónlistarlífi Evrópu um og upp úr 1830. Sagt hefur verið að hljómsveitin hafi verið eina hljóðfærið sem Berlioz kunni að höndla, en það gerði hann líka svo eftir var tekið. Hann var að vissu leyti faðir útsetningartækni í nútímaskilningi, uppgötvaði liti sem engum hafði komið til hugar að sinfóníuhljómsveit gæti kallað fram.

Kvöld eitt í septembermánuði 1827 hélt Berlioz, þá tuttugu og þriggja ára gamall, í Odéon-leikhúsið í París til að sjá enskan leikhóp flytja *Hamlet*. Með hlutverk Ófelú fór Harriet Smithson, ung leikkona sem hreif gjörvalla Parísarborg með túlkun sinni. Berlioz var þar ekki undanskilinn. Næstu vikur ritaði hann leikkonunni ótal ástarbréf en fékk ekkert svar. Þegar hann fregnaði að hún væri í tygjum við annan mann fékk hann útrás fyrir örvæntingu sína með því að semja heila sinfóníu, sannfærður um að ást hans yrði aldrei endurgoldin. Söguhetjan er ungur tónlistarmaður sem fellur fyrir ungri draumadís en hún vill ekkert með hann hafa. Yfirbugaður af harmi reynir hann að fremja sjálfsmorð með því að taka inn of stóran ópíumskammt. Hann deyr þó ekki heldur fellur í djúpan vímusvefn, dreymir að hann hafi myrt elskuna sína, sé dæmdur sekur og leiddur á höggstokkinn.

Þegar *Draumórasinfónían* var frumflutt í desember 1830 hafði Berlioz gleymt öllu um Harriet og var farinn að slá sér upp með annarri stúlku. En um sama leyti vann hann til Rómaverðlaunanna og þeim fylgdi tveggja ára dvöl við listsköpun í hinni eilífu borg. Þegar hann sneri aftur til Parísar hafði stúlkan heitbundist öðrum og því var Berlioz ólofaður þegar verkið var flutt í annað sinn síðla árs 1832. Við það tækifæri sátu í salnum margir helstu listamenn borgarinnar: Chopin, Liszt, Paganini – og Harriet Smithson. Skemmst er frá að segja að hún kolféll fyrir hinu hrifnæma tónskáldi sem hafði tjáð ást sína með svo óvenjulegum hætti. Þau gengu í hjónaband ári síðar en það reyndist ógæfuspör. Harriet hallaði sér að flöskunni og þau skildu að borði og sæng ellefu árum síðar.

Við frumflutning sinfóníunnar fylgdi efnisskránni ítarleg skýring á söguþræði verksins. *Draumórasinfónían* er „hermitónlist“ – tónlist sem segir sögu. Tónlist hafði oft áður átt að lýsa ytri atburðum en sjaldan með eins nákvæmum hætti og hér. Aldrei

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur alls leikið *Symphonie fantastique* 14 sinnum. Fyrst hljómaði hún á Íslandi árið 1962 undir stjórn Jindrich Rohan, en meðal annarra stjórnenda má nefna Bohdan Wodiczko (1966, 1967 og 1970), Osmo Vänskä (1995) og Vladimir Ashkenazy (2007). Rico Sacconi stjórnaði flutningi SÍ í Carnegie Hall í New York á tónleikaferð hljómsveitarinnar árið 2000, en síðast hljómaði verkið í Hörpu undir stjórn Baldurs Brönniman vorið 2013.

hafði heldur tónskáld gert eigið líf að miðpunkti frásagnarinnar, samið heila sínfóníu um sjálfan sig. Þættir verksins eru sem hér segir:

1. *Draumar – ástríður (Rêveries – Passions)*. Ungur tónlistarmaður hrifst af draumadísinni í fjarska. Í hvert sinn sem hann hugsar til hennar heyrir hann stef sem býr yfir sömu eiginleikum og hún sjálf, ástríðufullt en hlédrægt í senn. Þetta meginstef sínfóníunnar kallar Berlioz *idée fixe* eða þráhyggjustef; það er eins konar mottó sem kemur fyrir í öllum fimm þáttum verksins. Þegar það hljómar í fyrsta sinn er það leikið af fiðlum og flautu, en strengirnir kippast við með snöggum og óreglulegum tónum sem vafalaust eiga að tákna hjartslátt elskhugans. Fyrsti þáttur sínfóníunnar ratar um hin ýmsu skapbrigði, „frá ljúfsárum draumi yfir í brjáláða ástríðu, afbrýðisemi, blíðu, tár, og huggun í trúnni,“ eins og Berlioz orðaði það sjálfur.

2. *Dansleikur (Un bal)*. Hvert sem listamaðurinn fer bregður fyrir ímynd hinnar heittelskuðu. Hér er hann staddur í virðulegu samkvæmi og tvær hörpur gefa tónlistinni glitrandi yfirbragð. Hafa má í huga að hörpur voru síður en svo algengar í sínfóníuhljómsveitum árið 1830. Þær þóttu eiga betur heima í stásstofum og á dansleikjum eins og þeim sem Berlioz lýsir einmitt hér. Raunar var hljómsveitin í *Symphonie fantastique* einhver sú fjölbreytilegasta sem þá hafði verið sett saman. Auk stórrar strengjasveitar gerir Berlioz kröfu um 23 tré- og málmblásara, þar á meðal *ophicleide*, stórt málmblásturshljóðfæri sem síðar vék fyrir túbu. Þá gefur Es-klarínnett lokaþættinum óvenjulegan blæ, en það hafði áður aðeins hljómað í herlúðrasveitum.

3. *Í sveitinni (Scène aux champs)*. Söguhetjan flýr upp í sveit og heyrir að kvöldlagi tvo hjarðsveina leika kúasmalásöng á svissneskan máta, *ranz des vaches*. Friðsæl tónlistin, landslagið og lágvær niður vindsins í trjánum á sinn þátt í að færa unga manningum frið á ný, en dekkri tónum bregður fyrir þegar hann ímyndar sér að stúlkan sé að svíkja hann. Undir lok kaflans leikur annar hjarðsveinninn lag sitt á ný en hinn er horfinn á braut og svarar ekki lengur.

4. *Upp á aftökupallinn (Marche au supplice)*. Listamaðurinn er sannfærður um að ást hans sé ekki endurgoldin og reynir að svipta sig lífi með ópíumskammti. Hann fellur í djúpan svefn og draumfarir hans eru ógnvænlegar: hann hefur myrt sína heittelskuðu, verið dæmdur til dauða og færður á aftökupallinn við tilþrifamikla marséringartóna. Öxin fellur með þungu höggi (*fortissimo*-hljómur í hljómsveitinni allri), höfuðið dettur í þar til gerða körfu (veikt *pizzicato* í strengjum) og mannfjöldinn fagnar ákaft (sterkir blásarahljómar og trommusláttur). Svo bókstafleg lýsing á aftöku kann að virðast spaugileg en kannski hefur málið horft öðruvísi við samtímamönnum tónskáldsins. Margir þeirra höfðu orðið vitni að slíkum atburði.

5. *Nornadraumur – Dies irae – Nornadans (Songe d'une nuit de Sabbat – Dies irae – Ronde du Sabbat)*. Þegar aftakan er um garð gengin er listamaðurinn skyndilega staddur á ógurlegum nornafundi. Þar er ástin hans einmitt viðstödd en nú hefur hún breyst í mesta skass. Idée fixe-stefið hljómar sem skrumskælt danslag, kirkjuklukkur glymja og í kjölfarið hljómar sjálfur sálumessusöngur kaþólsku kirkjunnar, *Dies irae* (Dagur reiði, dagur bræði). Þetta féll í misjafnan jarðveg enda var kirkjan valdamikil stofnun og höfð voru orð eins og „guðlast“ yfir þennan hluta verksins. Hér kannar Berlioz nýjar slóðir – hvernig tjá megi ljótleika í tónlist. Hin nýja „fagurfræði ljótleikans“ var hęðan í frá meðal þeirra tjáningarmöguleika sem stöðu tónskáldum 19. aldar til boða.

Árni Heimir Ingólfsson

FÜNF GEDICHTE FÜR EINE FRAUENSTIMME [„WESENDONCK-LIEDER“]

1. Der Engel

In der Kindheit frühen Tagen
Hört' ich oft von Engeln sagen,
Die des Himmels hehre Wonne
Tauschen mit der Erdensonne,

Daß, wo bang ein Herz in Sorgen
Schmachtet vor der Welt verborgen,
Daß, wo still es will verbluten,
Und vergehn in Tränenfluten,

Daß, wo brünstig sein Gebet
Einzig um Erlösung fleht,
Da der Engel niederschwebt,
Und es sanft gen Himmel hebt.

Ja, es stieg auch mir ein Engel nieder,
Und auf leuchtendem Gefieder
Führt er ferne jedem Schmerz,
Meinen Geist nun himmelwärts!

2. Stebe still!

Sausendes, brausendes Rad der Zeit,
Messer du der Ewigkeit;
Leuchtende Sphären im weiten All,
Die ihr umringt den Weltenball;
Urewige Schöpfung, halte doch ein,
Genug des Werdens, laß mich sein!

Halte an dich, zeugende Kraft,
Urgedanke, der ewig schafft!
Hemmet den Atem, stilltet den Drang,
Schweiget nur eine Sekunde lang!
Schwellende Pulse, fesselt den Schlag;
Ende, des Wollens ew'ger Tag!

Daß in selig süßem Vergessen
Ich mög' alle Wonnen ermessen!
Wenn Aug' in Auge wonnig trinken,
Seele ganz in Seele versinken;
Wesen in Wesen sich wieder findet,
Und alles Hoffens Ende sich kündigt;
Die Lippe verstummt in stauendem Schweigen,
Keinen Wunsch mehr will das Inn're zeugen; —
Erkennt der Mensch des Ew'gen Spur,
Und löst dein Rätsel, heil'ge Natur!

FIMM KVÆÐI FYRIR KVENRÖÐ [„WESENDONCK-SÖNGVAR“]

1. Engillinn

Á öndverðum bernskudögum
heyrði ég oft sagt frá englum
sem hafa skipti á dýrðlegri himinsælu
fyrir sólu þessarar jarðar,

svo að þá geti, hvar sem hjarta þjáist
af kvöl og þrá, hulið veröldinni,
þar sem því ætlar að blæða út
og það tortímast í táraflóði,

svo að þá, þar sem það grátbætur
aðeins um eitt, – endurlausn,
geti engillinn svifið niður til jarðar
og lyft því blíðlega til himins.

Já, það steig einnig engill niður til mín,
og á ljómandi vængjum
ber hann nú anda minn burt
frá öllum sársauka til himna.

2. Nem staðar!

Þjótandi, hvínandi hjól tímans,
þú sem mælir eilífðina;
þér ljómandi hnettir í alheimsgeimi
sem umkringið jarðarhvelið;
æverandi sköpunarverk, nem staðar,
nóg er um verðandi, lát mig í friði!

Haf þig í skefjum, mótandi kraftur,
frumhugsun, sem skapar að eilífu!
Haltu andanum, sefaðu þrána,
hljóðnaðu aðeins eitt andartak!
Svellandi lífæðar, hemjið slögin,
endaðu, eilífi dagur viljans!

Svo að ég megi í ljúfu algleymi
skynja gjörvalla fagnaðarsælu!
Þegar sál sökkvirk sér gjörsamlega í sálu
er þær drekka unaðssælur augliti til auglitis;
eðlismót finnur sjálf sig í eðlismóti,
og lokastund allrar vonar boðar komu sína;
varirnar hljóðna í agnodfa þögn,
og hið innra á sér engar óskir framar; —
þá ber manneskjan kennsl á teikn eilífðarinnar
og ræður gátu þína, heilaga náttúra!

3. Im Treibhaus (Studie zu Tristan und Isolde)

Hochgewölbte Blätterkronen,
Baldachine von Smaragd,
Kinder ihr aus fernen Zonen,
Saget mir warum ihr klagt?

Schweigend neiget ihr die Zweige,
Malet Zeichen in die Luft,
Und der Leiden stummer Zeuge
Steiget aufwärts, süßer Duft.

Weit in sehndem Verlangen
Breitet ihr die Arme aus,
Und umschlinget wahnbefangen
Öder Leere nicht'gen Graus.

Wohl, ich weiß es, arme Pflanze:
Ein Geschicke teilen wir,
Ob umstrahlt von Licht und Glanze,
Unsre Heimat ist nicht hier!

Und wie froh die Sonne scheidet
Von des Tages leerem Schein,
Hüllet der, der wahrhaft leidet,
Sich in Schweigens Dunkel ein.

Stille wird's; ein säuselnd Weben
Füllet bang den dunklen Raum:
Schwere Tropfen seh' ich schweben
An der Blätter grünem Saum.

4. Schmerzen

Sonne, weinest jeden Abend
Dir die schönen Augen rot,
Wenn im Meeresspiegel badend
Dich erreicht der frühe Tod;

Doch ersteh'st in aller Pracht,
Glorie der düstren Welt,
Du am Morgen neu erwacht,
Wie ein stolzer Sieghesheld!

Ach, wie sollte ich da klagen,
Wie, mein Herz, so schwer dich sehnen,
Muß die Sonne selbst verzagen,
Muß die Sonne untergehen?

Und gebieret Tod nur Leben,
Geben Schmerzen Wonnen nur:
O wie dank' ich, daß gegeben
Solche Schmerzen mir Natur!

3. Í gróðurhúsinu (Frumdrög að Tristan og Isolde)

Háhvelfdu blaðkrónur,
smaraðsgræni tjaldhiminn,
þið afsprengi fjarlæggra jarðbelta,
segjið mér hvers vegna þið syrgið?

Þegjandi beygið þið greinar ykkar,
myndið teikn í loftinu,
og þögult vitni þjáninganna,
ljúfur ilmur, líður upp á við.

Í löngunarfullri þrá
breiðið þið út armana
og faðmið vitstola að ykkur
staðlausan hrylling auðnar og tóms.

Ég þekki það vel, vesalings jurtt,
örlög okkar eru ein og söm,
þótt við séum umlukin birtu og ljóma
eru áttthagar okkar ekki hér.

Og hversu glaðlega sem sólin segir skilið
við tómlengt skin dagsins
þá hjúpar sá sem að sönnu þjáist
sig í þagnarmyrkur.

Það hljóðnar; hvínandi gnauð
fyllir dimman salinn af beyg:
ég sé þunga dropa svífa
á grænum jaðri laufblaðanna.

4. Sársauki

Sól, á sérhverju kvöldi
grætur þú fögur augu þín rauð,
þegar þú deyrð fyrir aldur fram
baðandi í spegilsléttum haffleti;

en samt ríst þú í allri dýrð þinni,
dásemd þessa myrka heims,
nývöknuð að morgni
eins og hnarreist sigurhetja!

Æ, hvernig gæti ég þá volað,
hvernig má hjarta mitt vera svona þungt,
ef sólin sjálf verður að láta bugast,
ef sólin verður að slokknna?

Ef dauðinn elur af sér nýtt líf,
ef sársauki getur aðeins af sér sælu:
Ó hve ég þakka þá að náttúran
hefur gefið mér þvílíkan sársauka!

5. Träume

(Studie zu Tristan und Isolde)

Sag', welch wunderbare Träume
Halten meinen Sinn umfassen,
Daß sie nicht wie leere Schäume
Sind in ödes Nichts vergangen?

Träume, die in jeder Stunde,
Jedem Tage schöner blüh'n,
Und mit ihrer Himmelskunde
Selig durch's Gemüte ziehn!

Träume, die wie hehre Strahlen
In die Seele sich versenken,
Dort ein ewig Bild zu malen:
Allvergessen, Eingedenken!

Träume, wie wenn Frühlingssonne
Aus dem Schnee die Blüten küßt,
Daß zu nie geahnter Wonne
Sie der neue Tag begrüßt,

Daß sie wachsen, daß sie blühen,
Träumend spenden ihren Duft,
Sanft an deiner Brust verglühen,
Und dann sinken in die Gruft.

Mathilde Wesendonck

5. Draumar

(Frumdrög að Tristan og Isolde)

Seg mér, hve undursamlegir draumar
halda hug mínum svo föngnum,
að þeir hverfa ekki sem innantómt hjóm
inn í eyðilegt tómið?

Draumar, sem með hverri stundu
og hverjum degi blómstra fagurlegar,
sem líða með himinboðskap sinn
í sælu gegnum hugann!

Draumar sem sökkva í sálina
eins og háleitir geislar,
og mála þar eilífa mynd:
Algleymi, innlifun!

Draumar eins og þegar vorsólin
kyssir blómin upp úr snjónum,
svo að dagurinn heilsar þeim
og býður til ófyrirséðrar sælu,

svo að þau vaxa og blómgast
og gefa frá sér angan,
glóa ljúflega við brjóst þitt
og sökkva síðan í gröf.

Reynir Axelsson þýddi

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

15. MARS 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lalli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Bryndís Pálsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Zbigniew Dubik
Margrét Kristjánsdóttir
Pascal La Rosa
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Matthías Stefánsson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Mark Reedman
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Steina Kristín Ingólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Krzysztof Panus
Páll Hannesson
Borgar Magnason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Jóhannes Georgsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Grecius
Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Ármann Helgason
Baldvin Tryggvason

FAGOTT

Brjánn Ingason
Dai Yuan
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Baldvín Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron
Javier Castano Medina

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson
Frank Aarnink

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

23. MARS 19:30

EDDA II

LÍF GUÐANNA

Edda er stærsta verk Jóns Leifs og eitt metnaðarfullsta tónverk íslenskrar tónlistarsögu, risavaxin tónsmíð byggð á textum úr Eddukvæðum og Snorra-Eddu.

Fyrsti hluti verksins, Edda I: Sköpun heimsins, var frumfluttur í heild árið 2006 og útgáfa verksins á geisladiski vakti heimsathygli og fékk frábæra dóma.

Það er stórvíðburður í íslensku tónlistarlífi að Edda II sem Jón Leifs samdi fyrir meira en hálfri öld og var á sínum tíma stærsta verk sem íslenskt tónskáld hafði samið, skuli nú loksins vera frumflutt

Vinafélag hljómsveitarinnar stendur fyrir kvöldstund í Kaldalóni miðvikudagskvöldið 21. mars kl. 20 þar sem Árni Heimir Ingólfsson fræðir gesti um Eddu. Árni Heimir þekkir mjög vel til verka Jóns en hann ritaði ævisögu tónskáldsins, Jón Leifs - Líf í tónum, sem kom út árið 2009. **Allir velkomnir.**

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

18. MARS 19:30


GESTAHLJÓMSVEIT

GAUTA BORĢAR SINFÓNÍAN Á ÍSLANDI



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Áðalstyrktaraðili:
GAMMA